

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-  
Múlasýslu, nr. 402 14. desember 1973 með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ.e. mati fasteignar og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 3 200,00 af hverri sjálfstæðri íbúð árlega. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af íbúð fyrr en árið eftir að hún er tekin í notkun.
- b) Heimilt er bæjarstjórn að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 4,50 fyrir hvert tonn vatns sem notað er, enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 1 000,00 á ári.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

2. febrúar 1988

Nr. 88

## AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir sorpeyðingu á Blönduósi.

### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis- iðnaðar- og verslunarsorpi á Blönduósi.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### 2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í *nýtingarskyni*.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.